



Hvernig á að tengja slöngu?

Til að lengja líftíma slöngu, hámarka virkni hennar og bæta almennt útlit lagnar er mikilvægt að slangan sé rétt lögð og í réttri lengd. Ef slanga er of löng eykur það kostnað við lögnina og minnkar líkurnar á snyrtilegri lögn en ef hún er of stutt styttr það líftíma slöngunnar vegna ónauðsynlegs togs og hreyfiálags.

Meðfylgjandi myndir sýna hvernig best er að leggja slöngur og hvernig á að finna út rétta lengd á þeim. Athugið að ef verið er að endurnýja gamla lögn getur verið hægt að breyta slöngulengdum með því að skipta yfir í 45° eða 90° fittings í stað beins og einnig er í sumum tilfellum hægt að breyta leið slöngunnar í þeim tilgangi að stytta hana og einfalda þannig lögnina.




Lengd slöngu getur breyst um allt að +2% -4% vegna þrýstingsbreytinga. Það er mikilvægt að gera ráð fyrir þessum breytingum þegar lengd slöngu er ákveðin.




Rangt



Rétt




Rangt




Rétt

Betra er að nota enda sem eru 45° eða 90° en að setja óþarfa beygju á slönguna. Með þessu er líka oft hægt að stytta slöngurnar. Það getur líka skemmt slöngur eða stytt líftíma þeirra verulega að hafa á þeim skarpari beygjur en uppgefinn beygjuradíus segir til um. Oft getur þurft að nota millistykki til að laga afstöðu slönguenda. Of kröpp beygja á slöngu getur líka valdið því að brot kemur í hana, það veldur verulegum skemmdum bæði á innra og ytra byrði hennar og styttr þar með líftíma hennar og veldur auk þess hættu á frekari skemmdum á lögn og vélbúnaði auk slyshættu á þeim sem eru að vinna við eða í nágrenni lagnarinnar.

Töfluna „Beygjuradíus slöngu“ má finna undir „Tækniefni“ í valstíku síðunnar.




Rangt



Rétt


Vegna lengdarbreytinga á slöngu þegar þrýstingur er settur á hana ber að varast að festa hana þar sem hún beygist. Ekki festa saman háþrýstar og lágþrýstar lagnir. Gott er að verja slöngu með plastspíral, það gerir hana líka stöðugri.




Rangt

Rétt


Þar sem hreyfing er á slöngu þarf að ganga úr skugga um að hún beygist ekki of krappt þar sem það veldur óþarfa núningi og sliti bæði á innri- og ytri flötum slöngunnar. Til að koma í veg fyrir of krappar beygjur getur þurft að lengja slönguna, jafnvel með því að auka bil milli þeirra hluta sem slangan tengir saman.




Rangt



Rétt



Rangt



Rétt

Nauðsynlegt er að koma algerlega í veg fyrir að snúist upp á slöngu við samsetningu, hún þarf að liggja sem beinust og sléttust. Auðvelt er að koma í veg fyrir snúning með því að nota hlauprær við samsetningar og passa upp á að slanga og tengi liggi rétt, einnig er mikilvægt að beygjur á slöngunni séu í plani við það sem slangan tengist.

Leiðbeiningar um hvernig á að mæla og gefa upp slöngulengd er að finna í skjalinu „Hvernig pantar maður slöngu“ undir „Tækniefni“ í valstíku síðunnar.